



## **Brunavarnir A-Hún.**

### **Stjórnarfundur 15. mars 2010**

---

Mánudaginn 15. mars 2010 kom stjórn Brunavarna A-Húnavatnssýslu saman til fundar í slökkvistöðinni við Norðurlandsveg á Blönduósi kl. 13:00. Mæting skv. undirskriftum. Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

#### **Dagskrá:**

1. Ný lög um brunavarnir
2. Samstarf slökkviliða
3. Önnur mál.

#### **Afgreiðslur:**

1. Rætt um drög að nýjum lögum um brunavarnir sem nýverið var lagt fram á alþingi. Í nýjum lögum virðist sem færa eigi kostnað af björgun fólks úr bílflökum alfarið yfir til slökkviliða án þess að gert sé ráð fyrir að tekjur fylgi. Brunavarnir A-Húnavatnssýslu hafa sótt kostnað vegna útkalla til tryggingafélaga og telur eðlilegt að svo verði áfram. Slökkviliðsstjóra var falið að taka saman gögn og tölfræði til að greina umfang klippivinnu í útköllum Brunavarna A-Hún.
2. Rætt var um hvort koma ætti á formlegu samstarfi slökkviliða á Norðvesturlandi með svipuðum hætti og gerður var samningur um nýverið á Vesturlandi. Samþykkt að kanna hvort áhugi sé að útbúa samstarfsyfirlýsingu um samstarf slökkviliða á svæðinu.
  - a. Rætt um starf slökkviliðsins og verkefnin framundan. Jóhann fór yfir stöðuna.
  - b. Rætt um að gera nýjan samstarfssamning sveitarfélaganna um rekstur Brunavarna A-Húnavatnssýslu. Verkefnið er hjá stjórn.

Engin önnur mál voru færð til bókar.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið kl. 14:30

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson  
Gróa Lárusdóttir  
Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri  
Hilmar Frímansson, varaslökkviliðsstjóri

Ágúst Þór Bragason